

Nd.

60. Frumvarp

til laga um fiskiráð.

Flutningsm.: Ólafur Thors.

1. gr.

Atvinnumálaráðherra skipar 7 manna nefnd, er nefnist fiskiráð. Hún skal skipuð þannig, að ráðherra tilnefni einn mann, og er hann formaður nefndarinnar, en Sölusamband ísl. fiskframleiðenda, Félag ísl. atvinnurekenda, Alþýðusamband Íslands, Verzlunarráð Íslands, Samlag ísl. matjessildarframleiðenda og Fiskifélag Íslands tilnefna sinn manninn hvert.

Nefndarmenn skulu vera búsettir í Reykjavík eða svo nærri, að þeir geti hvenær sem er sótt þangað fundi.

2. gr.

Verkefni fiskiráðsins er að rannsaka og gera tillögur um breyttar og nýjar aðferðir um framleiðslu og sölu sjávarafurða, útvegum nýrra markaða og annað, sem lýtur að vexti og viðgangi sjávarútvegsins.

3. gr.

Fiskiráðið skal senda atvinnumálaráðherra skýrslu um niðurstöðu rannsóknna sinna og tillögur þær, sem það gerir. Skýrslur þessar og tillögur skulu einnig sendar þeim aðilum sjávarútvegsins, sem þær snerta, og skal fiskiráðið gera það, sem í þess valdi stendur, til þess að fá aðilja til að framkvæma tillögurnar. Ráðið skal einnig senda ráðherra skýrslu um starfsemi sína eigi sjaldnar en á 6 mánaða fresti.

4. gr.

Kostnaður af störfum fiskiráðsins greiðist úr verðjöfnunar- og markaðsleitarsjóði fiskútflýjtjenda, eftir úrskurði ráðherra.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Eins og öllum er kunnugt, stendur hagur útvegsins mjög höllum fæti, og má gera ráð fyrir, að millipinganefnd í sjávarútvegs málum leggi fyrir Alþingi skýrslu um hag útvegsins ásamt tillögum til umbóta.

Þær tillögur munu þó samkvæmt starfssviði nefndarinnar fjalla um skuldagreiðslu útvegsmanna og öflun lánsfjár til áframhaldandi rekstrar útvegsins, og ber því að fagna svo langt sem það nær.

En jafnvel þótt gera mætti ráð fyrir, að vel væri séð fyrir þeirri hlið málsins, er á engan hátt tryggð framtíð útvegsins, eins og nú skal að ykið.

Saltfisksalan.

Saltfisksala Íslendinga hefir á síðari árum verið milli 60 og 70 þús. smálestir árlega, miðað við verkaðan fisk, og hafa Íslendingar selt nær allan þann fisk í Suðurlöndum, Spáni, Portugal og Ítalíu.

Undanfarin þrjú ár hefir útflutningurinn skipzt þannig, talið í smálestum:

	Spánn:	Portúgal:	Ítalía:	Alls:
1931	27117	12479	23735	63431
1932	29210	14750	21945	65905
1933	ca. 34000	15611	19870	ca. 69481

auk nokkurs útflutts saltfiskjar til Bretlands og annara landa, og smávægilegs útflutnings til Grikklands.

Allt fram á þetta ár var frjáls innflutningur saltfiskjar til Suðurlanda, en fiskurinn hefir verið tollaður allhátt og nokkuð mishátt í hinum einstöku löndum.

Spánn. Síðastliðið ár fluttu Íslendingar til Spánar um 34 þús. smáesta saltfiskjar. Er það nær helmingur fiskframleiðslu Íslendinga, og rúmur helmingur þess fiskjar, er inn er fluttur á Spáni.

Á yfirstandandi ári lögfestu Spánverjar bann gegn innflutningi saltfiskjar, nema sérstök heimild kæmi til, og hafa Spánverjar nú úthlutað viðskiptaþjóðum sínum slíkum innflutningsheimildum með millirikjasamningum. Er hlutur Íslendinga í þeirri skömmtnun á þessu ári 16600 smáesta innflutningsheimild, og enda þótt þessi heimild hafi, vegna alveg sérstaks velvilja spánskra stjórnarvalda, verið rýmkuð nokkuð, verður þó um 12—14 þús. smáesta rýrnun að ræða frá síðasta ársinnflutningi isl. fiskjar til Spánar.

Portúgal. Útflutningur isl. saltfiskjar til Portugal á síðastl. ári, 15600 smálestir, mun nema um þriðjunginn innflutnings saltfiskjar til Portugal á því ári.

Alveg nýverið hafa Portúgalar ákvæðið, að leyfi þurfi til innflutnings saltfiskjar þangað, og hafa þeir þegar úthlutað Norðmönnum 40% af heildarinnflutningnum, eða talsvert meira en Norðmenn hafa flutt þangað að undanfögnu. Var samningur þessi gerður af „Kriseraadet“, en það mun nýstofnuð nefnd manna í Noregi, er ætlað er að gæta hagsmuna atvinnurekenda. Hefir „Kriseraadet“ mikið opinbert fé til umráða í því skyni, þ. á m. margar milljónir ætlaðar sjávarútveginum til framdráttar. Fóru samningaumleitanir með svo mikilli leynd, að ekkert kvisaðist fyrr en samningar höfðu tekizt. Hafa þeir ekki verið birtir, en þó er vitað, að Norðmenn skuldbundu sig til þess að freista að koma á kaupjöfnuði við Portúgal, en síðastl. ár munu þeir hafa keypt fyrir 5,1 millj. kr., en selt fyrir 7,2 millj. kr. Norðmenn gáfu bein loforð um að kaupa á þessu ári tæpar 3 millj. lítra af portúgólskum vínunum, við verði, sem sýnist vera ½ til 1 millj. kr. hærra en boðið er á frjálsum markaði. Er þetta um 600 þús. litrum meira en flutt hefir verið til Noregs síðastliðið ár, og mun þó tilskilið, að Norðmenn auki enn innflutning um 300 þús. lítra árlega á næstu árum.

Alveg má telja vist, að mjög bráðlega hefji aðrar þjóðir samninga við Portugal. Þykir rétt að vekja athygli á því, að Englendingar hafa hag af að auka innflutning fiskjar til Portúgal, en þeir eiga af ýmsum ástæðum alveg sérstaklega sterka samningaaðstöðu við Portúgal. Svipað má segja um Frakka og Dani.

Þá er og þess að geta, að um langan aldur hafa Portúgalar stundað saltfiskveiðar í Norðurhöfum. Sækja útgerðarmenn fast á stjórnarvöldin um vernd þess atvinnurekstrar, sem þeir leitast við að auka sem mest. Er sú framleiðsla nú um $\frac{1}{10}$ hluti neyzluþarfarinnar, eða milli 4—5 þús. smálesta árlega. Auk tollaverndar hefir útvegsmönnum nú verið tryggð sala á allri framleiðslunni, við arðberandi verði, og þar með sköpuð ákjósanlegustu vaxtarskilyrði.

Það er hætt við, að afleiðingar af framangreindum staðreyndum bitni á isl. hagsmunum, og það er nauðsynlegt, að Íslendingar geri sér það ljóst í tæka tíð.

Ítalía. Langsamlega mestur hluti innflutts saltfiskjar til Ítalíu kom á síðasta ári frá Íslandi.

Í Ítalíu hafa enn ekki verið settar neinar hömlur á innflutning saltfiskjar. Ítölsk stjórnarvöld hafa þó málið til rannsóknar, og er við búið, að Ítalir, sem aðrar þjóðir, leggi fyrr en varir inn á haftabrautina. Er aðstaða Íslendinga þar í landi svipuð og í öðrum Suðurlöndum. Íslendingar standa gersamlega varnarláusir gegn fyrsta boðorði hinnar nýju verzlunarstefnu: jafnaðarkaupunum. Því boðorði geta Íslendingar ekki fullnægt, blátt áfram vegna þess, að mjög takmarkaður hluti þeirra nauðsynja, sem Íslendingar þarfnast til lífsviðurværis og framleiðslunnar, er fáanlegur í Suðurlöndum, en annar innflutningur Íslendinga nemur litlu.

Keppinautarnir standa þar allt öðruvísi og betur að vigi, og því hljóta Íslendingar að horfa með kvíða fram á veginn. Vonirnar felast eingöngu í því, að hinar Suðurlandþjóðirnar láti, eins og Spánverjar, samúðina með örðugri lífsbaráttu litillar og fátækrar þjóðar skýla okkur frá ströngustu afleiðingum hins kalda og stálharða viðskiptalögmáls nútímans.

Það er ef til vill ekki rétt að fullyrða, að yfir vofi skerðing á innflutningi íslensks saltfiskjar til Portúgal eða Ítalíu, en það er ekkert vit í að loka augunum fyrir því, að vel getur svo farið. Og verði innflutningsheimild okkar til þeirra landa takmörkuð í svipuðum hlutföllum og þegar hefir verið gert á Spáni, þá hafa Íslendingar þar með misst sölumarkað fyrir þriðjung af árlegri saltfiskframleiðslu.

Fari svo, en þó ekki verr, sem vel getur orðið, og verði ekkert að gert, benda líkur til, að í árslok 1935 muni hérliggjandi saltfiskbirgðir nema viðlíka miklu og hægt er að selja til Suðurlanda allt árið 1936. Sjá allir, hversu þá er komið, og mundi af hljótast annarsveggar, að mikill hluti þess fiskjar yrði óseljanlegur í Suðurlöndum vegna skemmda, en hinsveggar, að draga yrði svo mikið úr saltfiskframleiðslu á árinu 1936, að geigvænlegt atvinnutjón hlytist af.

Úrræði.

Þetta eru svo geigvænlegar horfur, að með öllu er óverjandi að láta dægurþras og innri deilur beina athyglinni í aðrar áttir og tefja fyrir því, að búið sé til varnar, svo að auðið verði að mæta voðanum með framsýni og manndómi.

Þess er ekki að vænta, að stjórn eða þing leggi fram þá þekkingu og vinnu, sem þörf er fyrir. Hinsveggar er nauðsynlegt, að Alþingi eigi frumkvæði til afhafna. Er því stungið upp á, að skipuð sé nefnd kunnáttumanna, er fjalli um

málið, og til þess ætlazt, að valdir séu menn, er staðið hafa í örðugleikum atvinnulífsins og búnir eru þeirri þekkingu og lífsreynslu, sem sérstaklega er þörf fyrir til að ráða fram úr þessu höfuðvandamáli þjóðarinnar.

Hvort Íslendingar svo geta rekið útveginn eins og að undanfögnu, eða hvort, og þá að hve miklu leyti, menn neyðast til að draga saman seglin, veltur m. a., og ef til vill að töluverðu leyti, á hugkvæmni og dugnaði slíkrar nefndar og þeirra, er síðar taka við framkvæmdum á tillögum hennar, en sjálfsgagt er, að það verði útvegsmenn sjálfir.

Til sönnunar því, að slík nefndarskipun þurfi ekki að reynast óhagnýt, skal hér stuttlega bent á nokkrar leiðir til að létta af eða draga úr yfirvofandi böli. Gætu þær bendingar og orðið væntanlegri nefnd að liði.

I. Saltfiskur.

1. Íslendingar geta aukið sína eigin saltfiskneyzlu án þess það dragi úr neyzlu nýs fiskjar eða annarar framleiðsluvöru þjóðarinnar. Yrði sú aukning ein máltíð í viku, nemur neyzluaukningin um 1100 smálestum árlega.
2. Saltfiskjar er neytt í Grikklandi, Norður- og Suður-Ameríku, Cuba, Afríku og víðar. Salan er í öllum þessum löndum vandkvæðum bundin. En hversu miklum? Það er rannsóknarefni.
3. Tilraunir ber að gera til að skapa saltfiskneyzlu þar, sem hún ekki er fyrir. Reynslan sannar, að slíkar tilraunir geta vel borið mikinn árangur.

II. Ísfiskur.

Það verður nú að vísu að viðurkenna, að ekki eru líkur til, að létt verði að verulegu leyti af saltfiskframleiðslunni með aukinni ísfisksölu í aðalmarkaðslöndum íslensks ísfiskjar, Englandi og Þýskalandi. Í þeim löndum hafa þegar verið settar skorður við auknum innflutningi ísfiskjar. Eru ekki líkur til, að Íslendingar geti tryggt sér stærrí hlutdeild í þeirri neyzlu en þeir þegar hafa fengið með brezku og þýzku samningunum, en innflutningsheimild til þeirra landa verður á þessu ári að fullu notuð, og mun jafnvel á skorta, að fullnægi þörfinni. Samt sem áður er engan veginn loku fyrir það skotið, að hagnast mægi af nýjungum á því sviði. Skal bent á þrennt til athugunar:

1. Betri hagnýting á markaðnum í þessum löndum. Kemur þá til greina að takmarka innflutning ódýrari fisktegunda til Bretlands, eins og raunar þegar hefir verið hafizt handa um, svo og hvort ekki þætti ráðlegt að flaka fiskinn. Með því nýtist betur að innflutningsheimildinni, sem miðuð er við magn, en ekki verð, og jafnframt nýtast hausar og bein til vinnslu fiskimjöls.
2. Að leita nýrra markaða, t. d. í Frakklandi, Belgíu, Hollandi og víðar, en í nefndum þremur löndum fer fram nokkur sala ísfiskjar.
3. Norðmenn hafa að undanfögnu selt í ýmsum löndum Evrópu, utan Bretlands, nýjan fisk isaðan og frýstan. Hefir sú sala farið stöðugt vaxandi og nam á síðasta ári um 12 þús. smálestum, eða sem næst $\frac{3}{4}$ hlutum allrar

isfiskframleiðslu Íslendinga. Væri ástæða til að kynna sér þá verzlun og athuga, hvort og að hve miklu leyti ísl. fiskur getur selzt í þeim löndum.

III. Frystur fiskur.

Það hefir lengi verið skoðun framtakssamra manna í framleiðendahópi, að hinar nýju aðferðir til að frysta fisk opnuðu nýja og ótæmandi möguleika fyrir íslenska fiskframleiðslu. Hafa einstakir menn þegar fyrir nokkrum árum gert stórfelldar tilraunir á því sviði og kostað til þeirra svo nemur hundruðum þúsunda króna, en ekki treyst sér til að fylgja þeim tilraunum eftir sem skyldi, og því ekki uppskorið sjálfum sér til handa og þjóðinni, svo sem líkur benda til að hægt muni, ef nægilegt fé væri fyrir hendi. Með þessu hefir þó fengið mikil og dýrmæt reynsla, sem sjálfsagt er að hagnýta, og jafnframt hefir trú almennings vaxið á því, að Íslendingar eigi þarna geymda fjársjóði. Tók síðasti landsfundur sjálfstæðismanna málið til meðferðar, og voru allir á einu máli um, að reynt skyldi hið allra bráðasta að hefja tilraunir að nýju.

Ef byggt er á fenginni reynslu, virðast líkur til, að heppilegust framkvæmd málsins yrði sú, að reist yrðu sem víðast í verstöðum smá frystihús. Þyrftu þau ekki að verða dýr, hvorki að stofnkostnaði né rekstri. Þurfa þessi frystihús að vera sem víðast, vegna þess, að það veltur á miklu, að fiskurinn komist í frystingu svo að segja glænýr. Hraðfrystingin stöðvar aukningu rotnunargerlanna í fiskinum, en drepur þó ekki gerlana. Eftir frystinguna geymist fiskurinn óskemmdur í miklum kulda, 17—18°, svo mánuðum skiptir, og því lengur og betur, sem hann er frystur nýrri. En eftir að rotnunin hefst að nýju, er hún því örari, sem fiskurinn fer eldri í frystingu. Þennan fisk er ekki hægt að flytja óskemmdan landa milli nema í þar til gerðum skipum, og þurfa landsmenn því að eignast ný skip með kælivélum. Liggja fyrir kostnaðaráætlanir um slík skip. Eru þau að vísu dýr, en ekki svo, að á því þurfi að stranda. Aðalörðugleikarnir eru svo þeir, að til þess að salan á erlendum markaði megi fara vel úr hendi, er nauðsyn á frystiklefum í losunarhöfnum, flutningatækjum og ef til vill sölubúðum smákaupmanna, en þó geymist þessi fiskur viðlíka og nýr fiskur, komist hann óskemmdur í búðir smákaupmanna. Skortir nokkuð á, að þessa sé völ erlendis, en þó virðist færast í áttina um undirbúning skilyrða fyrir framkvæmd slíkrar fisksölu. Skal ekki dul á það dregin, að margvislegir örðugleikar eru á þessari leið. Hitt er víst, að hinar nýju frystiaðferðir fela í sér möguleika til þess að brúa dýptir milli heimsins auðugustu fiskimiða við strendur Íslands og þeirra milljónatuga, sem fisk skortir, bæði í Evrópu og öðrum heimsálfum.

IV. Hertur fiskur.

Norðmenn hafa að undanfögnu hert viðlíka mikið af þorskafla sínum eins og þeir salta. Er fiskur sá (stokfisk) hausaður og slægður, hengdur á trönur og beinhertur, en síðan seldur til Ítalíu, Afríku og ef til vill víðar. Einnig herða Norðmenn ufsa (rotskjer) og selja til Afríku. Mun verðlag á herta fiskinum

samsvara verðlagi saltfiskjar, enda mundu Norðmenn ella ekki herða svo mikið sem raun ber vitni um.

Íslendingar fluttu áður út mikið af harðfiski, og er nú fullkomið tilefni til að athuga aðstöðu til slíkrar verkunar og söluhorfur á erlendum markaði. Má vera, að loftslag sé óhagstæðara til herðingar hér en í Norður-Noregi, því fiskur þessi má helzt ekki frjósa, a. m. k. ekki 2—3 fyrstu dagana eftir upphengingu. Ennfremur kann að vera, að dýrari mannsorka hér en í Noregi torveldi að einhverju leyti þessa verkun, því allmikið umstang fylgir. Verður að hafa alla athugun á verkuninni, og m. a. gæta þess vandlega, að fiskurinn maðki ekki. En allt er þetta rannsóknarefni og líklegt, að leiða megi til góðrar hagnýtingar.

Þá má og auka mjög mikið harðfiskát hérlendis, því flestir Íslendingar sækjast eftir harðfiski sem hverju öðru sælgæti. En að undanfögnu hefir harðfiskur verið bæði dýr og nær ófánlegur. Úr þessu ætti að vera auðvelt að bæta.

V. Niðursuða.

Norðmenn sjóða niður mikið af fiskmeti og selja víða um heim fyrir milljónir króna. Ættu Íslendingar að hafa svipaða aðstöðu og Norðmenn í þessum eignum, og er rétt, að því sé gaumur gefinn.

VI. Sildin.

Til þessa hefir því farið fjarri, að Íslendingar hagnýttu sem skyldi hinar geysimiklu sildargöngur við strendur landsins að sumarlagi. Hafa margir áhugasamir menn oft leitt það í tal og gefið margar skynsamlegar vísbendingar í þeim eignum. Skal í því sambandi minnt á útvarpserindi þau, er fyrrv. yfirsildarmatsmaður Jón Bergsveinsson flutti í ágústmánuði síðastl. um sildarframleiðslu og sildarsölu. Benti hann þar á þá ótæmandi auðlind, sem Íslendingar ættu í sildinni, og leiddi athygli að margvislegri nýrri hagnýtingu. Er slíkt alltaf umhugsunarefni, en þó ekki sízt, ef horfur eru á, að þrengja muni að þorskveiðum og þannig skapast ný þörf til hagnýtingar á mannsorkunni og framleiðslutækjunum. Ber Íslendingum að athuga, hvort ekki sé eins arðvænlegt að reykja sildina eða hraðfrysta eins og að salta hana eða krydda. Er rannsókn þess máls mikið verk og þarflegt, og ber því að sinna því af allhuga.

VII. Aðrar sjávarafurðir.

Á síðari árum hafa Íslendingar hagnýtt betur en áður ýmislegt, er til fellur í sambandi við fiskiveiðar. Þannig hagnýtast nú víða hausar og bein, og fæst stórfé fyrir. Lifrin er og verðmæt, ekki sízt hjá þeim, sem kaldhreinsa lýsið, svo sem togaraútvegsmenn gera nú. Og enn má nýta betur en gert er bæði hrogn og sundmaga og jafnvel fiskroðið, sem oft er verðmætt. Er það og rannsóknarefni, að hagnýting öll sé sem bezt, og því fremur sem þörfin er brýnni.

Eftirmáli.

Hér hefir nú verið bent á ýmsar leiðir, er ásamt öðru mættu draga úr yfirvofandi böli. Liggur það að visu í hlutarins eðli, að vel getur verið, að hagnýting þeirra séu að einhverju leyti skorður settar af þeirri verzlunarstefnu, sem sérstaklega hefir skapað þörf fyrir þær. En þó er það ekki vist, og jafnvel ekki líklegt, að svo mikið kveði að því, að til verulegs бага verði. Það má t. d. telja ekki ólíklegt, að Íslendingar geti fengið innflutningsleyfi á frystum fiski í Suðurlöndum, þótt saltfiskinnflutningurinn sé takmarkaður, og einnig að slíkur innflutningur verði leyfður til þjóða, sem við ekki kaupum neitt af, en beinlínis vanhagar um fisk. En það verða allir að gera sér ljóst, að þótt framangreindar uppástungur séu að því leyti réttar, að þær bendi í áttina til farsællar framtíðarúrlausnar, þá fæst sú úrlausn ekki nema með mikilli vinnu og fjárframlagi. Undir því verða útvegsmenn sjálfir að standa, — það mun affarasælast. Ríkisvaldið á — a. m. k. fyrst um sinn — ekki að inna annað af hendi en að hrinda málinu í framkvæmd með skipun nefndarinnar, til þess þannig að tryggja, að til sé réttur og þar til hæfur aðili, er beri skylda til að hafa forgöngu um uppástungur í þessum efnum, og reyna að fá þeim hrundið í framkvæmd. En með vali nefndarmanna er leitast við að tryggja sem bezt, að tillögur fiskiráðsins komist í framkvæmd. Ríkissjóði eru að svo stöddu engin útgjöld ætluð af málinu, heldur er verðjöfnunarsjóði ætlað að bera kostnaðinn, þ. e. a. s. útvegsmönnum sjálfum. Nefndinni er þá ekki heldur ætlað að skila tillögum sínum til ríkisstjórnarinnar í frumvarpsformi, heldur er til þess ætlað, að nefndin afgreiði hvert viðfangsefni fyrir sig og skili um það tillögum til réttra aðilja, þ. e. a. s. þeirra, sem bærastir eru um að framkvæma hverja tillögu, svo sem til Sölusambands ísl. fiskframleiðenda, stjórnar verðjöfnunarsjóðs, stjórnar Síldarsölusamlagsins o. s. frv., til þess þannig að freista þess, að þeim verði af hlutaðeigandi aðilum hrundið í framkvæmd með frjálsu framtaki. Samtímis er rétt, að tillögurnar verði birtar í blöðum, að svo miklu leyti sem það telst ekki óheppilegt, og að sjálfsögðu lætur nefndin ríkisstjórninni í té skýrslu um gerðir sínar. Til hins getur svo komið síðar, að nauðsyn verði á nýrri lagasetningu í sambandi við einhverja af tillögum nefndarinnar.

Er þess að vænta, að þeir aðilar, sem ráða eiga vali nefndarmanna, leggi áherzlu á það eitt, að nefndarmenn hafi til að bera þá þekkingu og þá reynslu, sem hið mikla úrlausnarefni krefst.

Það hefir verið talið rétt að láta allitarlega greinargerð fylgja þessu frv., vegna þess, að hér ræðir um stærsta og þýðingarmesta mál, sem að þessu sinni er fyrir Alþingi lagt.

Að lokum þykir rétt að geta þess, að líklegt má telja, að nauðsynlegt sé, að slíkur nefnd starfi til frambúðar og hafi forystu um allar nýjungar á sviði framleiðslu og sölu sjávarafurða. Er nefndinni því þegar valið heitið *Fiskiráð*. En lagafyrirmæli um starfssvið nefndarinnar verða að sjálfsögðu endurskoðuð og þeim breytt eftir því sem reynslan bendir til.

Frumvarp þetta er flutt í samráði við þingflokk sjálfstæðismanna, og fylgir hann því óskiptur.